



Dómsmálaráðuneytið  
b.t. dómnefndar um hæfni dómara  
Sölvhólgötu 7  
101 Reykjavík

## UTANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

Rauðarárstígur 25, 105 Reykjavík  
Sími: 545 9900, bréfasími: 562 2373  
postur@utn.stjr.is, www.utn.stjr.is

Reykjavík, 29. desember 2017

Tilvísun: UTN17100021/01.M.001; 04.B.020

HeH/--

Ráðuneytið vísar til umsagnar dómnefndar skv. 4. gr. a laga nr. 15/1998 um dómstóla um umsækjendur um átta embætti héraðsdómara við Héraðsdóm Reykjavíkur og Vestfjarða sem auglýst voru laus til umsóknar í Lögbirtingablaði 1. september 2017. Umsögnin er dagsett 21. desember. Eins og dómnefndinni er kunnugt, er utanríkisráðherra settur dómsmálaráðherra við meðferð og töku ákvarðana í því máli er varðar skipun héraðsdómaranna samkvæmt bréfi forsætisráðuneytis dags. 9. október sl.

Settur ráðherra fékk umsögn dómnefndar í hendur kl. 13, 22. desember 2017, á föstudegi fyrir jólahátíðina og 10 dögum áður en hinir nýju dómara áttu að taka til starfa. Við lestur umsagnarinnar, og þeirra andmæla sem bárust frá 23 umsækjendum, vöknudu ýmsar spurningar um það hvernig mati og málsmeðferð nefndarinnar var háttáð. Ráðuneytið sendi af þessu tilefni tölvubréf til starfsmanns dómnefndarinnar 27. desember síðastliðinn þar sem spurt var nánar út í matið, t.d. hvort dómnefndin hefði raðað umsækjendum með hlutlægum hætti upp í stigatöflu, hvort sett hafi verið töluleg viðmið um mat á því hvernig umsækjendur uppfylltu hverja einstaka kröfu, hvert hefði verið innbyrðis vægi þeirra sjónarmiða sem dómnefndin lagði mat á og hvert hefði verið innbyrðis vægi mats á umsóknargögnum, viðtala við umsækjendur og umsagna frá umsagnar-aðilum.

Í svari starfsmanns nefndarinnar kom fram að dómnefndin hefði ekki sett hæfnismatið fram í valtöflu og hún hefði ekki sett fram töluleg viðmið um mat á því hvernig umsækjendur uppfylltu hverja einstaka kröfu. Þá var rakið að þrjú atriði hefðu mest vægi við gerð umsagnarinnar, þ.e. reynsla af dómstörfum, reynsla af lögmannsstörfum og reynsla af stjórnsýslustörfum. Einnig var vísað til þess að dómnefndin byggði á innsendum gögnum, opinberum gögnum um starfsferil umsækjenda, ummælum umsagnaraðila en ekki síst því sem fram kom í viðtölum við umsækjendur. Var einnig áréttáð í tölvubréfinu að umsögnin hefði verið reist á niðurstöðum mats á „heilðstæðu mati samkvæmt málefnalegum sjónarmiðum.“

Að mati setts ráðherra eru skýringar nefndarinnar óljósar og gefa í raun litlar sem engar upplýsingar um það hvernig mati nefndarinnar var háttáð. Lestur umsagnarinnar einn og sér hefur ekki dugað settum ráðherra, enda er erfitt fyrir hann að kanna réttmæti hennar þar sem hann hefur ekki upplýsingar um innbyrðis vægi þeirra þátta sem nefndin lagði mat á. Þá

hefur ráðherra eftirfarandi athugasemdir við umsögnina sem hann vill koma á framfæri við nefndina, en taka ber fram að sumar athugasemdir eru nefndar í dæmaskyni:

Í *fyrsta lagi* telur settur ráðherra það sæta nokkurri furðu að dómnefndin hafi ekki notast við stigmatöflu, a.m.k. til hliðsjónar, í mati sínu, enda er umsækjendum gaumgæfilega raðað í hæfiströð í hverjum matsflokki. Einnig má nefna að mat nefndarinnar í síðustu umsögn hennar, dags. 19. maí 2017, virðist að stærstum hluta hafa ráðist af uppröðun umsækjenda í stigmatöflu sem nefndin útbjó. Vinnubrögð nefndarinnar að þessu leyti virðast því vera í ósamræmi við fyrri framkvæmd hennar.

Í *öðru lagi* er í þættinum um reynslu af dómaraströfum umsækjanda raðað efst sem hefur átta ára reynslu sem settur dómari, en umsækjanda raðað skör lægra sem var skipaður héraðsdómari í um tuttugu ár.

Í *þriðja lagi* fæst illa séð hvernig það getur staðist að lögmanni með yfir þriggja áratuga reynslu sé raðað í 8.-10. sæti í matsþættinum um lögmannsstörf.

Í *fjórða lagi* virðist einn umsækjandi, sem er með umtalsverða reynslu sem saksóknari, fá þá reynslu metna í tvígang, ef svo má að orði komast, að minnsta kosti að einhverju leyti. Annars vegar er sú reynsla metin honum til tekna í þættinum um reynslu af lögmannsstöfum (sem ætti líklega að nefnast reynsla af málflutningi og öðrum lögmannsstöfum, sbr. 1. tölulíð 4. gr. reglna nr. 620/2010) og hins vegar í þættinum um reynslu af stjórnsýslustöfum. Með þessu móti vigtar reynsla af saksóknara-stöfum í reynd þyngra en jafnlöng reynsla af lögmannsstöfum. Fær settur ráðherra ekki séð að slíkt sé málefnalegt, sérstaklega í ljósi þess að reynsla af lögmennsku tekur yfirleitt til fleiri og fjölbreyttari réttarsviða en störf saksóknara, sem eru á mjög afmörkuðu sviði.

Í *fimmta lagi* er erfitt að átta sig á mati nefndarinnar á sérstakri starfshæfni. Hér má nefna sem dæmi að í síðustu umsögn dómnefndarinnar, dags. 19. maí 2017, var sérstök starfshæfni metin í þremur aðskildum matsþáttum, þ.e. stjórnun þinghalda, samningu dóma og þekkingu á réttarfari. Í mati dómnefndarinnar nú er þessum þremur þáttum blandað saman án þess að lesandinn geti áttað sig á því hvaða þáttur vigtaði þyngst og hvers vegna. Verður í því sambandi ekki síst að horfa til þess að samkvæmt dómum Hæstaréttar í málum nr. 591 og 592/2017 er ekkert því til fyrirstöðu að nefndin leggi sérstakt efnislegt mat á hæfni umsækjenda til að semja dóma.

Í *sjötta lagi* má nefna að dómnefndin virðist hafa lagt talsverða áherslu á viðtöl við umsækjendur, en þrátt fyrir það er í umsögninni ekki að finna sérstakt mat á þessum þætti og er settur ráðherra t.d. engu nær um það hvaða umsækjandi stóð sig best í viðtölunum og hvers vegna eða hversu mikið vægi þessi þáttur hafði á mat dómnefndarinnar. Hér verður ekki síst að hafa í huga að frammistaða í viðtölum er ekki á meðal þeirra þátta sem fram koma í 4. gr. reglna nr. 620/2010. Settur ráðherra telur þó að það leiði af eðli máls að slíkt geti haft þýðingu í heildarmatinu, en það verði þá að vera ljóst af umsögninni hvernig umsækjendur stóðu sig, hvert vægi viðtalanna var og hvers vegna mikilvægt var að leggja sérstaka áherslu á þennan þátt í þetta skipti, enda virðist nefndin ekki hafa lagt áherslu á viðtölin í fyrri umsögnum sínum.

Í *sjöunda lagi* er undir lokin á umsögninni tiltekið hverja dómnefndin metur hæfasta, án þess að það sé rökstutt sérstaklega á grundvelli heildarmats hvers vegna þessir umsækjendur en ekki aðrir eru metnir hæfastir. Hér verður að taka fram að dómnefndin sjálf hefur sagt að niðurstaða hennar hafi grundvallast á „heildstæðu mati“ og að það hafi ekki grundvallast á hlutlægum samanburði með stigmatöflu, eins og áður virðist hafa tíðkast hjá nefndinni. Hlýtur

Því að þurfa að gera þá kröfu að dómnefndin framkvæmi þetta heildstæða mat í umsögn sinni og rökstyðji niðurstöðu sína að loknu því mati með allítarlegum hætti.

Í *áttunda lagi* vekur það athygli setts ráðherra að víða í umsögninni kemur fram að ekki hafi verið tilefni til þess að gera upp á milli einstakra umsækjenda í tilteknum matsþáttum. Þrátt fyrir að nefndin sé þannig ekki afgerandi varðandi innbyrðis mat í einstökum matsþáttum er hún afgerandi í lokaniðurstöðu sinni um það að einungis átta umsækjendur, en ekki fleiri, séu hæfastir að mati nefndarinnar.

Í *níunda lagi* setur dómnefndin fram álit sitt á því hvaða umsækjendur eru taldir hæfastir til þess að verða skipaðir í embætti við Héraðsdóm Reykjavíkur, hver er talinn hæfastur til að verða skipaður í embætti með starfsstöð við Héraðsdóm Reykjavíkur (sem þó sinnir störfum við alla héraðsdómstólana) og loks hver er metinn hæfastur til þess að verða skipaður í embætti dómara með starfsstöð við Héraðsdóm Vestfjarða (sem þó sinnir störfum við alla héraðsdómstólana). Ekki verður séð hvaða forsendur lágu þarna að baki og er óskað skýringa á því.

Í *tíunda lagi* bárust nefndinni ábendingar og athugasemdir frá 23 umsækjendum. Margar þessara athugasemda voru efnismiklar og var sumum þeirra skilað aðeins einum til tveimur dögum áður en nefndin gaf út umsögn sína 21. desember 2017. Þrátt fyrir minnisblað nefndarinnar, dags. sama dag, telur settur ráðherra að hinn skammti tími sem nefndin tók sér til að yfirfara andmælin bendi til þess að þau hafi ekki verið gaumgæfð sem skildi, enda er í mörgum tilvikum í minnisblaðinu að finna mjög stuttaralega afgreiðslu á andmælum um að þau hafi ekki leitt til breytinga á mati nefndarinnar. Eðlilegt hefði verið, að mati ráðherra, að nefndin hefði rökstutt í minnisblaðinu hvers vegna efnislegar, og að því er virðist réttmætar ábendingar umsækjenda í mörgum tilvikum leiddu ekki til breytinga á umsögninni.

Þar sem rökstuðning skortir að miklu leyti fyrir niðurstöðum nefndarinnar hefur settur ráðherra ekki forsendur til þess að taka afstöðu til efnislegs mats nefndarinnar og leggja mat á hvort hann tekur undir mat hennar eða hvort tilefni sé til þess að gera tillögu til Alþingis um skipun annarra umsækjenda. Þá hefur nefndin ekki veitt greinargóðar skýringar á því hvernig matinu var háttað, eins og áður er rakið. Nefndin virðist ekki hafa lagt forsvaranlegt mat á ákveðna þætti, eins og t.d. reynslu af dómarastörfum, og er erfitt fyrir settan ráðherra að átta sig á því heildstæða mati sem dómnefndin segist hafa framkvæmt. Umsögnin er enda rökstudd eins og um sé að ræða mjög hlutlægan samanburð á milli umsækjenda í einstökum matsþáttum, en nefndin segist þrátt fyrir það ekki hafa raðað umsækjendum á grundvelli stigatöflu. Þá er ítrekað að settur ráðherra hefur ekki upplýsingar um innbyrðis vægi matsþátta og á því í verulegum erfiðleikum með að ganga úr skugga um að mat nefndarinnar sé forsvaranlegt.

Þrátt fyrir framangreint, og vegna þess hversu skammur tími er til stefnu þar til hinir nýju dómara þurfa að taka til starfa, mun settur ráðherra ekki óska eftir nýrri umsögn nefndarinnar. Hann fer þess hins vegar á leit við nefndina að hún útskýri betur með hvaða hætti matið var framkvæmt og hvers vegna umræddir átta umsækjendur voru, á grundvelli heildarmats, taldir hæfari en aðrir umsækjendur. Þá er þess óskað að nefndin skoði þau atriði sem nefnd eru hér að framan og taki afstöðu til þess hvort athugasemdir setts ráðherra gefi tilefni til þess að breyta einstökum þáttum umsagnarinnar. Loks er óskað skýringa á því hvers vegna fleiri komu ekki til álita að mati nefndarinnar en þeir átta sem lagðir voru til. Í því sambandi yrði óskað sérstakra skýringa á þeim skoðanamun sem virðist hafa verið innan nefndarinnar, svo sem fram kemur í niðurlagi umsagnar hennar, á því hvort „gera skyldi upp á milli hæfni þeirra tveggja sem tilnefnd eru [í tiltekinn embætti sem sinna skulu eftir atvikum

störfum við alla dómstólana] og fleiri umsækjenda“, og þá hvaða fleiri umsækjendur hafi komið til greina að þessu leyti.

F.h. setts dómsmálaráðherra

Sturla Sigurjónsson (sign.)